

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, föstudaginn 24. maí kl. 09:20, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 729. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Marta Grettisdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Hildur Gunnarsdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Margrét Þormar, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Björn Ingi Edvardsson, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Birkir Ingibjartsson og Jón Kjartan Ágústsson.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

- Garðastræti 40, (fsp) fjölgun bílastæða** (01.161) Mál nr. SN190304
Skjalnr. 14137
710311-0130 101 fasteign ehf., Ármúla 23, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn 101 fasteigna ehf. mótt. 16. maí 2019 um að fjölga bílastæðum á lóð nr. 40 við Garðastræti um þrjú, samkvæmt skissu ódags.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
- Gvendargeisli 112, Viðbygging** (05.135.802) Mál nr. BN056228
Skjalnr. 14141
Steindór Ingi Hall, Gvendargeisli 112, 113 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu framan við hús og breyta innra skipulagi einbýlishúss á lóð nr. 112 við Gvendargeisla.
Stækkun: 16,1 ferm., 38,5 rúmm. Eftir stækkun: 180 ferm., 661,5 rúmm. Gjald kr. 11.200
EKKI eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
- Laugavegur 67A, breyting á deiliskipulagi** (01.174) Mál nr. SN190199
Skjalnr. 14107
531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn T.ark Arkitekta ehf. dags. 22. mars 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.0 vegna lóðarinnar nr. 67A við Laugaveg. Í breytingunni felst stækkun hússins um 1 metra til austurs og heimilt verði að gera 1,2 metra djúpar svalir á húsið til suðurs, samkvæmt uppd. T.ark Arkitekta ehf. dags. 16. mars 2019. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 11. febrúar 2019 og svar byggingarfulltrúa dags. 6. mars 2019 um að ekki verði gerð krafa um að setja lyftu í húsið. Tillagan var grenndarkynnt frá 23. apríl 2019 til og með 21. maí 2019. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar

4. **Nauthólsvegur 85, umsókn um framkvæmdaleyfi** (01.755.2) Mál nr. SN190320
Skjalnr. 14139
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
661102-2090 Eignamyndun ehf, Naustabryggju 38, 110 Reykjavík
Lögð fram umsókn Háskólans í Reykjavík dags. 21. maí 2019 ásamt greinargerð ódags.
um framkvæmdaleyfi sem felst í að mengaður jarðvegur á lóð nr. 85 við Nauthólsveg er
fjarlægður.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
5. **Frakkastígsreitur 1.172.1, (fsp) Laugavegur 33, 33a, 33b, 35, 37 og Vatnsstígur 4** (01.172.1) Mál nr. SN180793
Skjalnr. 10438
621097-2109 Zeppelin ehf, Skeifunni 19, 108 Reykjavík
530302-3420 Leiguíbúðir ehf, Pósthólf 8814, 128 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. janúar 2019 var lögð fram fyrirspurn
Zeppelin ehf. dags. 13. nóvember 2018 ásamt greinargerð dags. 9. nóvember 2018 um
breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.1, Frakkastígsreits, vegna lóðanna nr. 33, 33A, 33B,
35 og 37 við Laugaveg og 4 við Vatnsstíg sem felst í að hús að Laugavegi 33 og 33B
verði færð í átt að upprunalegu útliti, hús að Laugavegi 35 verði hækkað um eina hæð og
timburhluti sama húss verði endurbyggður og hækkaður um eina hæð, hús að Laugavegi
33A og Vatnsstígi 4 verði rifin og ný byggð í þeirra stað, uppbyggingu að Laugavegi 37
o.fl., samkvæmt tillögu Zeppelin ehf. dags. 12. nóvember 2018. Einnig eru lagðir fram
skuggavarpuppdr. dags. 12. nóvember 2018. Jafnframt er lögð fram umsögn
Minjastofnunar Íslands dags. 29. nóvember 2018 og tölvupóstur Orra Árnasonar
arkitekts ásamt greinargerð Húsverndarstofnunar Íslands um ástand húss ódags. Einnig
er lögð fram umsögn skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 11. mars 2019.
Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
6. **Laugavegur 37, (fsp) nýbygging á baklóð** (01.172.1) Mál nr. SN190202
Skjalnr. 9463
650308-0180 Smáfuglar ehf., Pósthólf 806, 121 Reykjavík
691004-2790 Kurt og Pí ehf, Skólavörðustíg 2, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. apríl 2019 var lögð fram fyrirspurn
Smáfugla ehf. dags. 22. mars 2019 um nýbyggingu á baklóð Laugavegs 37. Gert er ráð
fyrir að byggt verði ofan á núverandi vinnustofu og að timburbygging á baklóð verði flutt
annað. Byggingin verði þrjár hæðir auk rishæðar og kjallara. Á jarðhæð verði gert ráð
fyrir verslunum og/eða þjónustu og á efri hæðum verði íbúðir, samkvæmt uppdr. Kurt og
Pí ehf. dags. 22. mars 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er
nú lögð fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
7. **Laugavegur 73, breyting á deiliskipulagi** (01.174.0) Mál nr. SN190156
Skjalnr. 6357
460715-0320 Fiskistígur ehf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík
680504-2880 PKdM Arkitektar ehf., Brautarholti 4, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn PKdM Arkitekta ehf. dags.
7. mars 2019 ásamt bréfi dags. 5. mars 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi
Landsbankareits, Reitur 1.174.0, vegna lóðarinnar nr. 73 við Laugaveg. Í breytingunni
felst fjölgun íbúða úr 9 í 10, inngangur að efri hæðum er færður á Laugaveg, inndráttur
á 5. hæð sem snýr að Laugavegi vefur verði málsettur á uppdrætti og heimilt er að
búnaður á þaki s.s. lyftuhús og tæknibúnaður fari upp fyrir tilgreindan hámarkskóta,
samkvæmt uppdr. PKdM Arkitekta ehf. dags. 5. mars 2019. Tillagan var grenndarkynnt
frá 23. apríl 2019 til og með 21. maí 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Guðrún
Inga Bragadóttir dags. 20. maí 2019. Að loknum athugasemdarfresti bárust athugasemdir
frá Stefáni Barða dags. 22. maí 2019 og Þórdísi Jóhannesdóttur, Sigurrósu Svavarsdóttur
og Guðfinnu Steinunni Svavarsdóttur dags. 22. maí 2019.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
8. **Álmgerði 1, breyting á deiliskipulagi** (01.803.1) Mál nr. SN180780

440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
500300-2130 Landspítali, Eiríksögú 5, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 7. nóvember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Landspítala Grensásdeildar vegna lóðarinnar nr. 1 við Álmgærði. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður, byggingarmagn og nýtingarhlutfall eykst, hæð viðbygginga til vesturs breytist, bílastæðafjöldi breytist ekki vegna eðlis starfseminnar og gert verði ráð fyrir 31 hjólastæði, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 27. september 2018. Tillagan var auglýst frá 5. apríl 2019 til og með 21. maí 2019. Engar athugasemdir bárust.

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

9. **Hofteigur 4, (fsp) - Síkka glugga kjallara** (01.364.001) Mál nr. BN056206
Skjalnr.

Marteinn A Marteinsson, Hofteigur 4, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. maí 2019 þar sem spurt er hvort leyft yrði að síkka 3 glugga á bakhlið kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 4 við Hofteig. *Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

10. **Korngarðar 1, breyting á deiliskipulagi** (01.332) Mál nr. SN190262
Skjalnr. 12165

500310-0490 DAP ehf, Litlu-Tungu, 270 Mosfellsbær

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. maí 2019 var lögð fram umsókn Guðmundar Odds Víðissonar dags. 23. apríl 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skarfabakka - Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 1 við Korngarða. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður að hluta á suðvesturhorni reitsins til suðurs, nýtingarhlutfall hækkar úr 0,5 í 0,55 og kvöð er á lóðinni þar sem fyrir eru fráveitulagnir og þarf að færa lagnir út fyrir byggingarreit, samkvæmt uppdr. DAP ehf. dags. 4. apríl 2019. Einnig er lagt fram bréf Faxaflóahafna dags. 12. apríl 2019.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Skarfagörðum 2, Klettagörðum 4 og 6 Korngörðum 3.

Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

11. **Laugavegur 132, Kvistir - svalir - nýir gluggar** (01.241.004) Mál nr. BN055964
Skjalnr. 10509

Eiríkur Benónýsson, Kvistaland 16, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. apríl 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. apríl 2019 þar sem sótt er um leyfi til að gera kvisti á báðar þekjur hússins, nýjum gluggum og setja svalir á suðurhlíð húss á lóð nr. 132 við Laugaveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. maí 2019.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 15., 24. og 28. febrúar 2019, afrit af skráningartöflu dags. 24. október 2018 og bréf til byggingarfulltrúa dags. mars 2019. Stækkun: XX. Gjald kr. 11.200

Umsögn skipulagsfulltrúa samþykkt, dags. 23. maí 2019.

12. **Njálsgata 56, breyting á deiliskipulagi** (01.190.3) Mál nr. SN180702
Skjalnr. 11082

James Matthew Fletcher, Njálsgata 56, 101 Reykjavík

460902-2150 K.J. hönnun ehf, Kringlunni 7, 123 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. nóvember 2018 var lögð fram umsókn Kjartans Hafsteins Rafnssonar dags. 6. október 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Njálsgötureits, reitur 1.190.3, vegna lóðarinnar nr. 56 við Njálsgötu. Í breytingunni felst að heimilt er að hækka og stækka núverandi byggingu og setja kvisti á þak, breyta byggingarreit til suðurs og byggja þar nýja viðbyggingu sem yrði kjallari og ein hæð með svölum á þaki byggingarinnar, rífa núverandi bílgeymslu og byggja nýja bílgeymslu og færast sú bygging u.þ.b. 5,8 metra inn á lóðina svo útbúa megi bílastæði á lóð, samkvæmt uppdr. K.J. hönnunar ehf. dags. 19. september 2018. Einnig eru lagðir fram skuggavarpuppdr. ódags. Erindinu var frestað, umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa, og er nú lagt fram að nýju ásamt bréfi skrifstofu sviðsstjóra dags. 24. apríl 2019.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Njálsgötu 54, 53- 57, 58 og 58B.

Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

13. **Reykjavíkurvegur 31B, (fsp) afmörkun** (06.355) Mál nr. SN190294
lóðar Skjalnr. 14131
Aron Ingi Óskarsson, Laugalækur 1, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Arons Inga Óskarssonar dags. 14. maí 2019 um afmörkun lóðar að Reykjavíkurvegi 31B. Einnig eru lögð fram drög að lóðarblöðum dags. 31. mars 2019 og afsalsbréf dags. 24. október 1964
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
14. **Austurv Thorvaldsens, Breyting á áður** (01.140.418) Mál nr. BN055922
samþykktu erindi Skjalnr. 8321
610593-2919 Lindarvatn ehf., Reykjavíkurlflugvelli, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053964 þannig að inngangar eru færðir, gluggum og hurðum jarðhæðar að Fógetagarði og Kirkjustræti er breytt, burðarvirki og innra skipulagi í kjallara og á 1. hæð er breytt, innréttað "spa" í kjallara, kjallari undir Thorvaldsenstræti 2 er steypur upp og klæddur steinskífum, gerð ný flóttaleið frá 7. hæð inn í stigahús á 4. hæð og gluggum að Vallarstræti er breytt í hóteli á lóð nr. 2 við Thorvaldsensstræti.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 23. apríl 2019.
Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
15. **Brúnaland 2-40 3-21, 21 - Breytingar -** (01.852.002) Mál nr. BN056159
BN052548 Skjalnr. 12621
Kristín Auður Sophusdóttir, Ánaland 6, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052548 þannig að settur verður steypur stigi frá kjallara upp á lóð við austurhlíð húss nr. 21 við Brúnaland. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019.
Gjald kr. 11.200
Jákvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019.
16. **Dvergshöfði 27, (fsp) breyting á** (04.063.1) Mál nr. SN190267
deiliskipulagi Skjalnr. 9555

430801-2520 Stálsmiðjan-Framtak ehf., Vesturhrauni 1, 210 Garðabær
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. maí 2019 var lögð fram fyrirspurn Helga Mars Hallgrímssonar dags. 5. maí 2019 um að breyta núverandi atvinnuhúsnæði á lóð nr. 27 við Dvergshöfða í íbúðarhúsnæði með verslun og þjónusturýmum á jarðhæð og hækka húsið um tvær hæðir auk þess að byggja yfir bílastæði á baklóð og gera garð fyrir íbúa ofan á bílageymslunni, samkvæmt tillögu Arkþings ehf. ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa samþykkt, dags. 24. maí 2019.

17. **Lækjargata 10 og Skólabrú 2, kynning -** (01.141.2) Mál nr. SN190317
sýning um minjar og aukið veitingarými Skjalnr. 6699

630169-2919 Íslandshótel hf., Sigtúni 28, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf Ólafs Torfasonar f.h. Íslandshótela og miðborgareigna dags. 15. maí 2019 þar sem óskað er eftir því að kynna fyrir skipulags- og samgönguráð áform um sýningu um minjar að Lækjargötu 10 og Skólabrú 2 og aukið veitingarými.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

18. **Mjöllnisholt 4, 6, 8 og 10, breyting á** (01.241.0) Mál nr. SN180046
deiliskipulagi Skjalnr. 6747

461212-1740 Arctic Tours ehf., Hagamel 34, 107 Reykjavík

460902-2150 K.J. hönnun ehf, Kringlunni 7, 123 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Kjartans Hafsteins Rafnssonar f.h. Arctic Tours ehf. dags. 23. janúar 2018, varðandi breytingu á deiliskipulagi Hampiðjureits vegna lóðanna nr. 4, 6, 8 og 10 við Mjöllnisholt. Í umsókn um breytingunni fólst að hækka húsin um 46-60 cm, sameina lóðirnar nr. 6 og 8 og byggja sameiginlegan stigagang/lyftuhús, gera niðurgrafna bílgeymslu á lóðunum nr. 6, 8 og 10, útbúa bílastæði fyrir rafmagnsbíl í bakgarði lóðar nr. 4 og geymsluskúr á baklóð lóðar nr. 6, samkvæmt uppdr. K.J. hönnunar ehf. dags. 19. janúar 2018, síðast breytt 23. mars 2018. Í breyttri tillögu felst að leiðrétta mænishæðir húsanna þannig að rishæðir nýtist fyrir íbúðir, mænishæðir hækka um 0,5 -2,3 m. Einnig bætist við heimild fyrir 35 m² geymsluskúr á lóðinni nr. 6 og leiðréttar eru upplýsingar um byggingarmagn geymsluskúra á lóðum nr. 8 og 10. Einnig lagt fram bréf Kjartans Ingvarssonar dags 14. júní 2018 og breyttur uppdráttur K.J. hönnunar ehf. dags 13. júní 2018 þar sem óskað er eftir afstöðu til breyttrar tillögu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. júní 2018. Jafnframt er lagt fram bréf Kjartans Ingvarssonar f.h. Arctic Tours ehf. dags. 16. nóvember 2018 um endurupptöku á ákvörðun skipulagsfulltrúa frá 29. júní 2018 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. janúar 2019. Tillagan var grenndarkynnt frá 4. febrúar 2019 til og með 4. mars 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Hrönn Vilhelmsdóttir og Þórólfur Antonsson dags. 25. febrúar 2019 og Páll V. Bjarnason f.h. RA 5 ehf. dags. 1. mars 2019. Tillagan var grenndarkynnt að nýju frá 17. apríl 2019 til og með 15. maí 2019. Engar athugasemdir bárust við seinni grenndarkynningunni. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. maí 2019 og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

19. **Tjarnarsel 2, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (04.930) Mál nr. SN190285
Skjalnr. 5373

550103-3970 Mission á Íslandi ehf, Þinghólsbraut 3, 200 Kópavogur

010372-3569 Magnús Albert Jensson, Langagerði 88, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Magnúsar Jenssonar dags. 10. maí 2019 um breytingu á deiliskipulagi Seljahverfis vegna lóðarinnar nr. 2 við Tjarnarsel sem felst í að heimilt verði að fjölga íbúðum um eina og stækka byggingarreit þannig að svalir rúmist innan reitsins. Einnig eru lagðir fram uppdráttir Magnúsar Jenssonar dags. 7. maí 2019.

Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

20. **Gufunes, Skemmtigarður, breyting á** (02.2) Mál nr. SN190311
deiliskipulagi Skjalnr. 7808
650602-4470 Fjörefli ehf., Pósthólf 10230, 130 Reykjavík
581298-2269 Landark ehf., Stórhöfða 17, 110 Reykjavík
Lögð fram umsókn Fjöreflis ehf. dags. 17. maí 2019 ásamt greinargerð verkfræðistofunnar Efla dags. 20. maí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Gufuness. Í breytingunni felst m.a. að byggingareitir eru stækkaðir umtalsvert innan afnotasvæðis, gólfkóti bygginga hækkaður um 2 m, úr 19 í 21 m. Byggingarmagn aukið um 600 fm. og bráðabirgðareitur sameinaður nýjum byggingareit og heimilt er að vera með allt að 30 smáhýsi á afnotasvæðinu, hámarksstærð að grunnfleti 45 fm hvert hús, hámarkshæð í mæni húss 5,5 m frá gólfkóta o.fl. Sjá nánar uppdrátti verkfræðistofunnar Efla dags. 20. maí 2019.
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
21. **Höfðabakki 3, staðsetning ökutækjaleigu** (04.070.0) Mál nr. SN190318
Skjalnr. 10639
540513-1040 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík
Lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 21. maí 2019 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Árna Jóns Árnasonar f.h. Ratio ehf. um að reka ökutækjaleigu að Höfðabakka 3. Sótt er um leyfi fyrir 119 ökutækjum, eingöngu eru bifreiðar leigðar út í langtímaleigu, 24-60 mánaða og því ekki geymdar á starfsstöð nema að jafnaði um 5 ökutæki.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
22. **Kjalarnes, Esjumelar, breyting á** (34.2) Mál nr. SN190104
deiliskipulagi Skjalnr. 10184
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi Esjumela á Kjalarnesi. Í breytingunni felst í að rýmka heimildir fyrir iðnaðarstarfsemi með ákveðnum skilyrðum, á tiltekinni lóð á Esjumelum í samræmi við aðalskipulagsbreytingu fyrir svæðið sem er auglýst samhliða. Jafnframt er gert ráð fyrir lóð undir veitumannvirkni við norðvesturenda svæðisins, samkvæmt uppd. Landmótunar dags. 13. febrúar 2019. Tillagan var auglýst frá 27. mars 2019 til og með 8. maí 2019. Engar athugasemdir bárust.
Vísad til skipulags- og samgönguráðs.
23. **Klettagarðar 7, (fsp) færsla á byggingarreit** (01.330.7) Mál nr. SN180880
o.fl. Skjalnr. 13611
420589-1319 Sindraport hf., Skútuvogi 8, 104 Reykjavík
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. maí 2019 var lögð fram fyrirspurn ASK Arkitekta ehf. dags. 20. desember 2018 um að færa byggingarreit lóðarinnar nr. 7 við Klettagarða innar á lóð og hliðra til norðvesturs auk þess að reisa stálgrindarhús á lóðinni fyrir hafnartengda starfsemi (verkstæði/lager/skrifstofur), samkvæmt uppd. ASK Arkitekta ehf. dags. 11. desember 2018. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. maí 2019.
Jákvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 21. maí 2019.
24. **Skálafell, breyting á deiliskipulagi** (35.3) Mál nr. SN190083
Skjalnr. 9914
500299-2319 Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Landslags ehf. dags. 8. febrúar 2019 ásamt greinargerð ódags. varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir skíðasvæðið í Skálafelli, sem er í samræmi við samþykkt framtíðaráform samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Í breytingunni felst m.a. að fella út og sameina byggingarreiti fyrir skíðalyftur, færa byggingarreiti fyrir smáhýsi, minnka það svæði sem skilgreint er fyrir skíðabrekkur, fækka mögulegum bílastæðum, fjölga valkostum um vatnslón fyrir snjóframleiðslu o.fl., samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 14. febrúar 2019 br. 16. maí 2019. Tillagan var auglýst frá 27. mars 2019 til og með 8. maí 2019. Engar athugasemdir bárust. Eftirtaldir stofnanir sendu umsagnir: Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 10. apríl 2019, Vegagerðin dags. 15. apríl 2019, Mosfellsbær dags. 29. apríl 2019, Skipulagsstofnun dags. 6. maí 2019 og Veðurstofa Íslands dags. 16. maí 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. maí 2019 og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

25. **Vegbrekkur 43, framkvæmdaleyfi** (04.475.1) Mál nr. SN190300
Skjalnr. 14117
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Lögð fram umsókn Veitna ohf. dags. 16. maí 2019 um framkvæmdaleyfi vegna lagningu háspennustrengja frá A12 að Hólmsá. Einnig er lagt fram teikningasett Veitna ohf. dags. 13. maí 2019 og verklýsing Veitna ohf. dags. 24. maí 2019.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
26. **Vogabyggð svæði 1, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.45) Mál nr. SN190314
Skjalnr. 13136
701017-0990 Gelgjutangi ehf., Kjalarvogi 7-15, 104 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Þorsteins Inga Gardarssonar dags. 22. maí 2019 um breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæði 1 sem felst í að heimilað er að byggja á lóð 1.6 íbúðir ofan á þegar heimilaða bílageymslu, samkvæmt hugmyndum Jvantspíjker dags. 1. maí 2019. Einnig er lögð fram hljóðskýrsla verkfræðistofunnar Eflu dags. 12. mars 2019.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
27. **Flugvöllur 106748, nýskráning fjögurra lóða** (01.66) Mál nr. SN190319
Skjalnr. 11372
550210-0370 Isavia ohf., Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík
Lagt fram bréf Isavia ohf. dags. 13. maí 2019 ásamt mæliblöðum dags. í október 2018 og 26. apríl 2019 varðandi nýskráningu fjögurra lóða Isavia ohf. á Reykjavíkflugvelli.
Vísað til meðferðar verkefnisstjóra.
28. **Lambastekkur 5-11, breyting á deiliskipulagi** (04.616.1) Mál nr. SN190310
Skjalnr. 14005
Eggert Antoníus Ólafsson, Lambastekkur 9, 109 Reykjavík
Lögð fram umsókn Eggerts Antoníusar Ólafssonar dags. 20. maí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Breiðholts I, neðra Breiðholts, vegna lóðarinnar nr. 5-11 við Lambastekk. Í breytingunni felst að gerður er nýr byggingarreitur fyrir bílgeymslu við norðurhlið hússins nr. 9 við Lambastekk ásamt breytingu á notkun núverandi bílgeymslu í vinnustofu og geymslu, samkvæmt deiliskipulags- og skuggavarpuppdr. Teiknistofu arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. dags. 20. maí 2019. Einnig er lögð fram yfirlýsing eigenda að Lambastekk 7 dags. 27. febrúar 2019.
Vísað til meðferðar verkefnisstjóra.
29. **Úlfarsárdalur, reitir C1, C2, E og G, breyting á deiliskipulagi** (02.6) Mál nr. SN190322
Skjalnr. 9615

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals fyrir reiti C1, C2, E og G. Í breytingunni felst að heimildir eru leiðréttar og útskýrðar, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf. dags. 23. maí 2019.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

30. **Öldugata 7, (fsp) breyting á notkun kjallara** (01.136.4) Mál nr. SN190306
Skjalnr. 14138
Sigurlaug María Hreinsdóttir, Öldugata 7, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Sigurlaugar Maríu Hreinsdóttur og Kára Jóhanns Hreinssonar mótt. 16. maí 2019 ásamt bréfi dags. 14. maí 2019 um breytingu á notkun kjallara hússins á lóð nr. 7 við Öldugötu úr vinnustofu í íbúð.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

31. **Blesugróf 34, breyting á deiliskipulagi** (01.885.5) Mál nr. SN180814
Skjalnr. 14047
650505-1580 Sýrfell ehf, Traðarlandi 2, 108 Reykjavík
701294-8909 Skipulags/arkitekt/verkfrst ehf, Garðastræti 17, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Gests Ólafssonar dags. 26. nóvember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Blesugrófar vegna lóðarinnar nr. 34 við Blesugróf. Í breytingunni felst að heimilt er að reisa tveggja hæða einbýlishús með aukaíbúð innan núverandi byggingarreits og með nýtingarhlutfalli 0,45, samkvæmt uppdr. Skipulags-, arkitekta-, og verkfræðistofunnar ehf. dags. 23. nóvember 2018. Tillagan var grenndarkynnt frá 25. febrúar 2019 til og með 4. apríl 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Húseigendur og hagsmunaaðilar í Blesugróf og Jöldugróf, undirskriftarlisti 32 aðilar, mótt. 28. mars 2019, Úti og inni arkitekta f.h. eigenda og íbúa Jöldugrófar 24 dags. 2. apríl 2019, íbúar í Bleikargróf, Blesugróf, Jöldugróf og Stjörnugróf, undirskriftalisti 49 aðilar, dags. 2. apríl 2019, Ingibjörg Lára Skúladóttir f.h. íbúa og eigenda Blesugrófar 16 dags. 3. apríl 2019 og Lagastoð lögfræðiþjónusta f.h. Fjöla ehf., Hrólfis Ölvissonar og Irmu Sjafnar Óskarsdóttur dags. 3. apríl 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. apríl 2019 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

32. **Hörgshlíð 10, Sótt er um að byggja
forsteypta bílageymslu.** (01.730.105) Mál nr. BN054953
Skjalnr. 13999
Torfi G Yngvason, Hörgshlíð 10, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílageymslu með forsteyptum sökklum og samlokuveggjum ásamt geymslu og snyrtingu á lóð nr. 10 við Hörgshlíð. Stærð mhl. 02: 100,4 ferm., 372,8rúmm. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 31. ágúst 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019. Gjald kr. 11.000
Umsögn skipulagsfulltrúa samþykkt, dags. 24. maí 2019.

33. **Laugavegur 145, breyting á deiliskipulagi** (02.221) Mál nr. SN190295
Skjalnr. 13328
531200-3140 Teiknistofa ark Gylfi G/fél ehf, Vegmúla 2, 108 Reykjavík

Lögð fram umsókn Jóhanns Einars Jónssonar dags. 15. maí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Laugavegs 143-145 vegna lóðarinnar nr. 145 við Laugaveg. Í breytingunni felst að kröfu um fjölda bíla- og hjólastæða er breytt til samræmis við samþykktar reglur um bíla- og hjólastæði í Reykjavík, samkvæmt uppdr. Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. dags. 10. maí 2019 br. 23. maí 2019.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Laugavegi 143, 147, 147A.

Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

34. **Skipholt 31, Byggja æfingasal** (01.251.004) Mál nr. BN056135

Skjalnr. 6138

490703-3060 Viðsjá-kvikmyndagerð ehf., Birkihlíð 13, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja æfingasal fyrir Listaháskóla Íslands ofan á mhl. 02 í húsi á lóð nr. 31 við Skipholt. Einnig eru lagðir fram uppdrættir dags. 30. apríl 2019 síðast uppfærðir 16. maí 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Erindi fylgir mæliblað nr. 1.251.0. Stækkun: 224,9 ferm, 976,9 rúmm. B-rými: 10,4 ferm. Gjald kr. 11.200

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Laugavegi 170-172, 174 og 176, Skipholti 33 og Brautarholti 29 og 33.

Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

35. **Álftamýri 7-9, breyting á deiliskipulagi** (01.280.1) Mál nr. SN180731

Skjalnr. 7876

490998-2179 Bjarkar ehf, Stígahlíð 59, 105 Reykjavík
691209-1480 Tvíhorf sf., Brúarvogi 1-3, 104 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Gunnars Sigurðssonar dags. 18. október 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Álftamýri 1-5 og 7-9 vegna lóðarinnar nr. 7-9 við Álftamýri 7-9. Í breytingunni felst m.a. að byggð er ein hæð ofan á núverandi tveggja hæða byggingu og viðbygging á lóðarmörkum lóðar nr. 1-5 við Álftamýri verði hækkuð um tvær hæðir til jafns við aðalhúsið og framlengt að byggingarlínu norðurhlíðar á 2. og 3. hæð, horn jarðhæðar er enn opið, samkvæmt uppdr. Tvíhorf dags. 8. nóvember 2018, síðast br. 14. maí 2019. Tillagan var auglýst frá 4. mars 2019 til og með 15. apríl 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: íbúar og eigendur að Álftamýri 15-27 dags. 13. mars 2019 og Ásberg K. Ingólfsson og Þórhildur Guðmundsdóttir dags. 15. apríl 2019. Einnig er lagt fram samþykki meðlóðarhafa dags. 27. apríl 2018. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. apríl 2019 og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs

36. **Freyjugata 30, Byggja nýjan bílskúr** (01.196.002) Mál nr. BN056130

Skjalnr. 14134

511193-2149 Fossar ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja bílskúr á lóð nr. 30 við Freyjugötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda á lóð dags. 7. maí 2019. Stærð: 66,0 ferm., 221,2 rúmm. Stækkun: 26,0 ferm., 105,7 rúmm. Gjald kr. 11.200

Ekki er gerð athugasemd við erindið. Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt berist hún, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019.

37. **Grensásvegur 8-10, (fsp) nr. 10 - breyting á notkun** (01.295.3) Mál nr. SN190258
Skjalnr. 5156

701211-1620 Hraunbraut ehf., Síðumúla 12, 108 Reykjavík
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. maí 2019 var lögð fram fyrirspurn T.ark Arkitekta ehf. dags. 16. apríl 2019 ásamt bréfi dags. 16. apríl 2019 um breytingu á notkun hússins nr. 10 á lóð nr. 8-10 við Grensásveg úr verslunar- og skrifstofuhúsnæði í íbúðarhúsnæði. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa samþykkt, dags. 24. maí 2019.

38. **Holtavegur 23, Langholtsskóli, breyting á deiliskipulagi** (01.430.1) Mál nr. SN190155
Skjalnr. 6796

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 7. mars 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Heimahverfis vegna lóðarinnar nr. 23 við Holtaveg. Í breytingunni felst að stækka núverandi byggingarreit fyrir færanlegar kennslustofur á austurhluta lóðarinnar og gert er ráð fyrir allt að sex kennslustofum á reitnum, samkvæmt uppdr. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 6. mars 2019. Tillagan var auglýst frá 5. apríl 2019 til og með 21. maí 2019. Engar athugasemdir bárust

Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

39. **Suðurlandsbraut 16, Ármúli 13A - breyting á deiliskipulagi** (01.263.1) Mál nr. SN190191
Skjalnr. 5524

711096-2059 S30 ehf., Síðumúla 30, 108 Reykjavík
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. apríl 2019 var lögð fram umsókn T.ark Arkitekta ehf. dags. 20. mars 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Ármúla, Vegmúla og Hallarmúla vegna lóðarinnar nr. 16 við Suðurlandsbraut. Í breytingunni felst að koma fyrir flóttastiga úr húsinu á austurgafli og mun byggingarreiturinn stækka sem honum nemur, færa þarf núverandi bílastæði vegna stækkunar byggingarreits og gerð er kvöð um gönguleið meðfram flóttastiga, samkvæmt uppdr. T. ark Arkitekta ehf. dags. 22. maí 2019. Einnig er lagt fram samþykki meðlóðarhafa mótt. 20. mars 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Ármúla 15 og Síðumúla 1 þegar uppfærðir uppdættir hafa borist embættinu.

Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

40. **Vallarhús 30-40, (fsp) fjölgun bílastæða** (02.842.3) Mál nr. SN190303
Skjalnr. 14136

Hanna Sóley Helgadóttir, Vallarhús 30, 112 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Hönnu Sóleyjar Helgadóttur mótt. 16. maí 2019 um fjölgun bílastæða á lóð nr. 30-40 við Vallarhús um eitt og breikka hvert bílastæði sem fyrir eru á lóðinni um 20 cm.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

41. **Básendi 12, Bílskúr** (01.824.015) Mál nr. BN056156
Skjalnr. 11581
Sveinn Óskar Þorsteinsson, Brúnastaðir 59, 112 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. maí 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja staðsteyptan bílskúr við fjölbýlishús á lóð nr. 12 við Básenda. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019.
Stærð: 71,4 ferm., 221,2 rúmm. Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019.
42. **Bólstaðarhlíð 28, (fsp) stækkun húss og nýjar svalir** Mál nr. SN190288
Skjalnr. 14129
Björn Guðmundsson, Sambyggð 8, 815 Þorlákshöfn
Lögð fram fyrirspurn Björns Guðmundssonar mótt 3. maí 2019 um stækkun hússins á lóð nr. 28 við Bólstaðarhlíð sem nemur svölum á efstu hæð hússins og gera nýjar svalir, samkvæmt skissu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa samþykkt, dags. 24. maí 2019.
43. **Einarsnes 44 og 44A, breyting á deiliskipulagi** (01.672.0) Mál nr. SN190299
Skjalnr. 7161
531200-3140 Teiknistofa ark Gylfi G/fél ehf, Vegmúla 2, 108 Reykjavík
Efemia Mjöll Guðmundsdóttir, Einarsnes 44A, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn Arnfríðar Sigurðardóttur dags. 16. maí 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Einarsness vegna lóðanna nr. 44 og 44A við Einarsnes. Í breytingunni felst færsla á lóðamörkum þannig að bílastæði á baklóð húss nr. 44 verði hluti af lóð 44A, samkvæmt uppd. Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. dags. 3. maí 2019. Einnig er lagt fram samþykki eigenda dags. 14. maí 2019.
Vísað til meðferðar verkefnisstjóra.
44. **Kaplaskjólsvvegur 27-35, (fsp) 35 - áður byggður sólskáli og stækkun svala** (01.525.0) Mál nr. SN190308
Skjalnr. 8361
Ólafur Teitur Guðnason, Kaplaskjólsvvegur 35, 107 Reykjavík
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Helga Mars Hallgrímssonar dags. 20. maí 2019 um áður byggðan sólskála að Kaplaskjólsvegi 35, lóð nr 27-35 við Kaplaskjólsveg, og stækkun á svölum þannig að þær nái yfir þak sólskálans, samkvæmt tillögu Arkþings ehf. ódags. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa samþykkt, dags. 24. maí 2019.
45. **Laugavegur 35, Skyndibitastaður** (01.172.117) Mál nr. BN056214
Skjalnr. 10704
710806-1360 Leiguíbúðir ehf., Pósthólf 8814, 128 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. maí 2019 þar sem sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í fl. I tegund D í rými ? í húsi á lóð nr. 35 við Laugarveg. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019.

Gjald kr. 11.200

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019.

46. **Laugavegur 144, (fsp) svalir og sólskáli** (01.241) Mál nr. SN190287
Skjalnr. 14126
Páll Haraldsson, Móvað 37, 110 Reykjavík
Kristján Bjarnason, Flúðasel 66, 109 Reykjavík
Lögð fram fyrirsögn Kristjáns Bjarnasonar dags. 12. maí 2019 um að setja svalir og sólskála á bakhlið hússins á lóð nr. 144 við Laugaveg, samkvæmt uppdr. Arkitektastofunnar Austurvöllur dags. 20. apríl 2019.
Vísan til umsagnar verkefnisstjóra.
47. **Miðleiti 2-6, Svalaskýli - 0101, 0301, 0401** (01.746.301) Mál nr. BN056211
Skjalnr. 8503
Viktor Albert Guðlaugsson, Miðleiti 4, 103 Reykjavík
Gunnar Már Sigurgeirsson, Miðleiti 6, 103 Reykjavík
Hafdís Gísladóttir, Miðleiti 2, 103 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. maí 2019 þar sem sótt eru um leyfi til að setja svalaskýli á svalir íbúða í mhl. 01, 0404, mhl. 02, 0301 og mhl. 03, 0101 í húsi á lóð nr. 2, 4 og 6 við Miðleiti. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019.
Svalalokun: 40,0 rúmm. Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa samþykkt, dags. 24. maí 2019.
48. **Þórðarhöfði 4, staðsetning ökutækjaleigu** (04.053.1) Mál nr. SN190298
Skjalnr. 14135
540513-1040 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. maí 2019 var lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 16. maí 2019 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Ragnars Þórs Ægissonar f.h. Rent me a car um að reka ökutækjaleigu að Þórðarhöfða 4. Sótt er um leyfi fyrir allt að 80 ökutækjum í útleigu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 24. maí 2019.
49. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, iðnaður og önnur landfrek starfs, breyting á aðalskipulagi** Mál nr. SN180088
Skjalnr. 5987
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 varðandi iðnað og aðra landfreka starfsemi dags. í febrúar 2019 uppf. 19. mars 2019 og umhverfisskýrsla VSÓ ráðgjafar dags. í febrúar 2019. Einnig er lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 14. mars 2019. Tillagan var auglýst frá 29. mars 2019 til og með 10. maí 2019. Eftirtaldir stofnanir sendu umsagnir: Vegagerðin dags. 4. apríl 2019, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 8. maí 2019 og Garðabær dags. 13. maí 2019.
Vísan til skipulags- og samgönguráðs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:48.

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Marta Grettisdóttir